



### Lýðheilsuvísar eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi

#### Hvers vegna lýðheilsuvísar?

Lýðheilsuvísar eru safn mælikvarða sem gefa vísbendingar um heilsu og líðan þjóðarinnar. Birting lýðheilsuvísa eftir heilbrigðisumdæmum á Íslandi er liður í því að veita yfirsýn yfir lýðheilsu í hverju umdæmi fyrir sig í samanburði við landið í heild. Lýðheilsuvísum er ætlað að auðvelda heilbrigðisþjónustu og sveitarfélögum, þ.m.t. [Heilsueflandi samfélögum](#), að greina stöðuna í eigin umdæmi, finna styrkleika og áskoranir og skilja þarfir íbúa þannig að hægt sé að vinna með markvissum hætti að því að bæta heilsu og líðan.

#### Hvað hefur áhrif á heilsu og líðan?

Fjölmargir þættir hafa áhrif á heilsu og líðan einstaklinga og sífellt kemur betur í ljós að heilsa fólks og heilbrigði jarðarinnar helst í hendur. Góður samhljómur er þannig á milli [heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun og áhrifaþáttu heilbrigðis. Sumum þáttum er ekki hægt að breyta, t.d. aldri og erfðum. Margir aðrir áhrifaþættir heilbrigðis eru hins vegar þess eðlis að hafa má áhrif á þá og stuðla þannig að bættri heilsu og vellíðan einstaklinga og minnka líkur á sjúkdómum. Má þar nefna lifnaðarhætti á borð við áfengis- og tóbaksneyslu, mataraði, hreyfingu og svefn og samskipti við fjölskyldu og vini. Þá geta lífsskilyrði eins og framboð, aðgengi og gæði menntunar, atvinnu, húsnaði, heilbrigðis- og félagsþjónustu einnig haft mikil áhrif. Með því að hafa heilsu og líðan að leiðarljósi í allri stefnumótun og aðgerðum má skapa umhverfi og aðstæður, t.d. í skólam, á vinnustöðum og í samfélögum almennt, sem stuðla að betri heilsu og vellíðan allra.



#### Svæðisbundinn munur á heilsu

Munur á heilsu og líðan eftir svæðum er þekktur um allan heim. Til þess að draga úr þessum mun þarf að fylgjast með mælikvörðum sem gefa hann til kynna, miðla þeim áfram og styðja þannig við forgangsröðun aðgerða á vettvangi ríkis og sveitarfélaga. Hjá embætti landlæknis er unnið að heilsueflingu á heildraenan hátt í gegnum Heilsueflandi samfélag, Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskóla og Heilsu-

#### Höfuðborgarsvæðið

Hér eru dæmi um lýðheilsuvísa þar sem tölur fyrir höfuðborgarsvæðið eru frábrugðnar tolum fyrir landið í heild.

- Færri fullorðnir meta líkamlega heilsu slæma
- Dánartíðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma lægri
- Færri nota blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlin
- Ölvunardrykkja í 10. bekk meiri
- Sýklalyfjaávisanir til barna < 5 ára fleiri
- Fæstar heilsugæsluheimsóknir og flestar sérfræðingsheimsóknir

eflandi vinnustaði. Áhersla er lögð á að skapa aðstæður sem stuðla að heilsu og vellíðan allra. Á grundvelli svæðisbundinna lýðheilsuvísa og Heilsueflandi samfélags geta sveitarfélög, heilbrigðisþjónusta og aðrir hagsmunaaðilar unnið markvisst saman að því að bæta heilsu og líðan allra íbúa.

#### Val á lýðheilsuvísum


Við val á lýðheilsuvísum er sjónum beint að þeim áhrifaþáttum heilsu og líðanar sem fela í sér tækifæri til heilsueflingar og forvarna. Einig er leitast við að velja þá þætti í sjúkdómabýrði sem mikilvægt er að heilbrigðisþjónusta hvers umdæmis geri sér grein fyrir og bregðist við eftir föngum. Mikilvægar stefnur og aðgerðaáætlanir sem snerta lýðheilsu eru hafðar til hliðsjónar. Þar má nefna heilbrigðisstefnu til ársins 2030, stefnu um lýðheilsu og aðgerðir sem stuðla að Heilsueflandi samfélagi frá 2016, stefnu Evrópuideildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsu kvenna frá 2016, aðgerðaráætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar vegna langvinnra sjúkdóma frá 2013, árlegar starfsáætlanir embættis landlæknis og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

#### Gögn

Margvísleg gögn liggja til grundvallar útreikningum lýðheilsuvísa. Notuð eru gögn úr heilbrigðisskráum og könnunum embættis landlæknis, úr könnunum Rannsókna og greininga, frá Hagstofu Íslands, Menntamálastofnun, Tryggingsastofnun ríkisins og Sjúkratryggingum Íslands. Birtar eru upplýsingar úr gögnum sem nýjust eru hverju sinni. Nokkrir vísar eru aðgengilegir í gagnvirku [mælaborði lýðheilsu](#).

# Höfuðborgarsvæðið

## LÝÐHEILSUVÍSAR 2021



- Heilbrigðisumdæmið er marktækt frábrugðið landinu öllu
- Heilbrigðisumdæmið er ekki marktækt frábrugðið landinu öllu
- Ekki er prófað fyrir marktækni
- Landið allt
- Dreifing heilbrigðisumdæmanna sjö

Lýðheilsuvísir		Ár	Umdæmi	Ísland	Eining	Höfuðborgarsvæðið	
Samfélög	1 Íbúafjöldi	2020	234.781	365.270			
	2 Íbúafjöldi (fjölgun/fækjun)	2016-20	9,1	8,9	%		
	3 Íbúar ≥ 80 ára	2020	3,4	3,5	%		
	4 Kynjahlutfall	2020	1,04	1,05	kk/kvk		
	5 Fæðingar < 20 ára	2016-20	4,0	5,5	Á 1.000	●	
	6 Innflytjendur	2020	16,8	16,8	%	●	●
	7 Öryrkjar	2020	8,5	9,2	%	●	
	8 Fjárhagserfiðleikar	2020	11,8	12,8	%	●	
Lifnaðarhættir og liðan	9 Hamingja fullorðinna	2020	57,9	57,8	%		●
	10 Velliðan (8-10. b.)	2021	9,3	8,3	%		●
	11 Andleg heilsa góð/mjög góð, framhaldssk.	2020	46,2	45,9	%		●
	12 Einmanaleiki fullorðinna	2020	11,2	11,7	%		●
	13 Stuttur svefn fullorðinna	2020	23,1	24,7	%		●
	14 Stuttur svefn (8-10. b.)	2021	43,0	43,6	%		●
	15 Streita fullorðinna	2020	25,3	24,8	%		●
	16 Engin röskleg hreyfing, fullorðnir	2020	11,6	12,6	%		●
	17 Hreyfing samkvæmt ráðleggingum (10. b.)	2021	16,7	16,2	%		●
	18 Erfið hreyfing, framhaldsskólanemar	2020	54,6	53,4	%		●
	19 Grænmetis- og ávaxtaneysla fullorðinna	2020	10,0	9,5	%		●
	20 Gosdrykkjaneysla fullorðinna	2020	24,3	24,2	%		●
	21 Gosdrykkjaneysla framhaldsskólanema	2020	19,8	19,8	%		●
	22 Áhættudrykkja fullorðinna	2020	23,7	22,1	%		●
	23 Öljunardrykkja (10. b.)	2021	7,4	6,3	%		●
	24 Öljunardrykkja framhaldskólanema	2020	24,2	23,5	%		●
	25 Reykingar fullorðinna	2020	6,7	7,3	%		●
	26 Niðotínpúðanotkun framhaldsskólanema	2020	22,3	22,5	%		●
Heilsa og sjúkdómar	27 Líkamleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2020	34,0	36,3	%	●	
	28 Andleg heilsa sæmileg/léleg, fullorðnir	2020	27,3	28,5	%	●	
	29 Blóðsykurslækkandi lyf, önnur en insúlin	2020	34,9	37,8	DPD	●	
	30 Kransæðaaðgerðir	2016-20	143,3	148,7	Á 100.000	●	
	31 Nýgengi krabbameina, kk	2010-19	532,4	521,4	Á 100.000		●
	32 Nýgengi krabbameina, kvk	2010-19	475,9	464,4	Á 100.000		●
	33 Dárnariðni vegna hjarta- og æðasjúkdóma	2016-20	177,1	191,4	Á 100.000	●	
	34 Sýkalyfjaávisanir < 5 ára	2020	749,9	696,5	Á 1.000		●
	35 COVID-19 greiningar	2020-21	1.710,9	1.469,3	Á 100.000		●
	36 Bóluseetting við COVID-19	2021	30,2	31,2	%		●
	37 Skimun fyrir leghálskrabbameini	2020	67,9	66,2	%		●
	38 Skimun fyrir brjóstakrabba meini	2020	61,6	61,7	%		●
	39 Liðskiptaaðgerðir á hné	2016-20	173,9	199,6	Á 100.000	●	
	40 Almenn hjúkrunarrými	2020	54,6	58,1	Á 1.000	●	
	41 Biðlisti eftir hjúkrunarrými, ≥ 67 ára	2020	6,5	7,8	Á 1.000	●	
	42 Heilsugæluheimsóknir	2020	2,3	2,5	Á íbúa	●	
	43 Rafraen samskipti og símtöl í heilsugæslu	2020	4,4	4,5	Á íbúa	●	
	44 Sérfræðingsheimsóknir	2020	1,5	1,3	Á íbúa	●	

### Skýringar

1. Hagst. 2. Hagst. 3. Hagst. 4. Hagst. 5. Fs. Fæðingar/1.000 kkv 15-19 ára. Aldurst. 6. Hagst. 7. TR. 75% örorkumat eða endurhæfingarmat, 18-66 ára. 8. Vöktn. Frekar/mjög erfitt að nái endum saman. 9. Vöktn. Svara 8-10 á hamingukvárdi (1-10) 10. R&G. Skora 31-35 á SWEMWBS kvarða (7-35). 11. R&G. 12. Vöktn. Finna oft/mjög oft fyrir einmanaleika. 13. Vöktn. ≤ 6 klst/nóttu. 14. R&G. ≤ 7 klst/nóttu. 15. Vöktn. Finna oft/mjög oft fyrir mikilli streitu. 16. Vöktn. Hreyfing <15 mín/viku. 17. R&G. Hreyfing ≥60 mín./dag, 7 daga/vikunnar. 18. R&G. ≥ 3x í viku. 19. Vöktn. Borða grænmeti og ávexti ≥ 5x/dag. 20. Vöktn. Sykraðir og/eða sykurlausir ≥ daglega. 21. R&G ≥ 4 x í viku. 22. Vöktn. AUDIT-C samreiðingar eftir kyni. 23. R&G. ≥ 1x sl. mán. 24. R&G. ≥ 1x sl. mán. 25. Vöktn. Daglega. 26. R&G. ≥ 1x sl. mán. 27. Vöktn. 28. Vöktn. 29. Lgg. ATC: A10B. Aldurst. 30. Vsh. NCSP: FNC, FND, FNE, FNG02, FNG05. ≥ 15 ára. Aldurst. 31. Krs. Öll mein. Aldurst. 32. Krs. Öll mein. Aldurst. 33. Dms. ICD-10: I00-I99. Aldurst. 34. Lgg. ATC: J01. Aldurst. 35. Sss. ICD-10: U07.1. Snomed: 840533007. Aldurst. 36. Bss. Fullblöusettir. 37. LKÍ. Uppsofnuð 3,5 ára mæting 23-65 ára. 38. LKÍ. Uppsofnuð 2 ja ára mæting 40-69 ára. 39. Vsh. NCSP: NGB, NGC. Aldurst. 40. Hrn. ≥ 67 ára. 41. Fsh. ≥ 67 ára. 42. Sh. Öll viðtol. 43. Sh. Öll rafraen samskipti og símtöl. 44. Sl.

Marktækt er miðuð við 95% öryggismörk ( $p<0,05$ ).

Aldurstöðulin (Aldurst.) er miðuð við meðalmannfjöldann á Íslandi árið 2014. Sama staðalþýðið er notað fyrir öll heilbrigðisumdæmi, konur og karla. Tíðni sem stöðluð hefur verið á þennan hátt er tulkuð sem sú tíðni sem fengist hefði af aldursdreifing hvers heilbrigðisumdæmis væri sú sama og í staðalþýðinu (meðalmannfjöldinn á Íslandi árið 2014).

DPD: Skilgreindir dagskammtar fyrir hverja 1.000 íbúa á dag (DDD/1.000 íbúa á dag).

Gögn: Bólusetingaskrá (Bss), Dánarmeinaskrá (Dms), Fæðingaskrá (Fs), Færni- og heilsumatsskrá (Fhs), Hagstofa Íslands (Hagst.), Heilbrigðisráðuneytið (HRN), Krabbameinsskrá (Krs), Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands (SKRÍN) (Lki), Lyfjagagnagrunnur (Lgg), Rannsóknir og greining (R&G), Samskiptaskrá heilsugæslustöðva (Sh), Sjúkratryggingar Íslands (Sí), Smitsjukódumaskrá (Sss), Tryggingastofnun ríkisins (TR), Vistunarskrá heilbrigðisstofnana (Vsh), Vöktn á áhrifabáttum heilbrigðis (Vöktn).